


Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 23. ÁRG. 2017

TOP POSTS





Málstofa I, Lagadagurinn 2017.



Elfur Logadóttir.

- | | | | | | |
|----|--|----|---|----|--|
| 4 | EVA HALLDÓRSDÓTTIR
Leiðari | 16 | AUÐUR BJÖRG JÓNSDÓTTIR
Af landaheimum og lífeyri,
verkþekkingu og hrelliklámi | 26 | GUÐNÝ HJALTADÓTTIR
Af vettvangi dómstólanna |
| 6 | REIMAR PÉTURSSON
Skipun dómara | 18 | VÍÐIR SMÁRI PETERSEN
Sjálfstæði lögmastéttarinnar | 30 | Síðast en ekki síst - að loknum
lagadegi |
| 8 | EYRÚN INGADÓTTIR
Dómstólar á tímamótum | 20 | GUÐRÍÐUR SVANA BJARNADÓTTIR
Ábyrgð stjórnarmanna og
starfsmanna fyrirtækja | 32 | VALGEIR ÞÓR ÞORVALDSSON
Aðgangur að gögnum og
ræðutími lögmanna |
| 12 | EYRÚN INGADÓTTIR
Sögulegt uppgjör á aðalfundi | 22 | ÍVAR PÁLSSON
Upplýsingalög í opnu og lýðfrjál-
su samfélagi | 33 | KONRÁÐ JÓNSSON
Athugasemd vegna fundar:
Frummælandinn á að fá að vera
fyrstur |
| 15 | INGIMAR INGASON
Aðild Lögmannafélags Íslands að
kærumálum fyrir úrskurðarnefnd
lögmanna | 24 | KATRÍN SMÁRI ÓLAFSDÓTTIR
Rafraent réttarkerfi | 35 | Ný stjórn FKL |

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Eva Halldórsdóttir hdl.

Ritnefnd:

Björgvín Halldór Björnsson hdl.
Daníel Isebarn Ágústsson hrl.
Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.
Víðir Smári Petersen hrl.

Blaðamaður:

Eyrún Ingadóttir

Stjórn LMFÍ:

Reimar Pétursson hrl., formaður
Arnar Þór Stefánsson hrl., varaformaður
Þórdís Bjarnadóttir hrl., ritari
Ástráður Haraldsson hrl., gjaldkeri
Heiðrún Jónsdóttir hdl., meðstjórnandi

Starfsmenn LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Valgeir Þór Þorvaldsson lögfræðingur
Eyrún Ingadóttir félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir ritari
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari

Forsíðumynd:

Ýmsir tóku myndir og settu á
instagram með myllumerkið
lagadagur 2017.

NETFANG RITSTJÓRA:

eva@laekjargata.is

PRENTVINNSLA:


Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 530 0800
ISSN 1670-2689

Þetta er engin spurning

Viðbótarlífeyrir er nauðsyn



Tryggir þína framtíð

Allianz 

„BLESSAÐ VERI GRASIÐ“

EVA HALLDÓRSDÓTTIR HDL.
RITSTJÓRI



Vorið 2017 hefur sannarlega verið annasamt hjá Lögmannafélaginu.

Félagið hefur haldið félagsfund, hátíðarmálþing og aðalfund, og staðið fyrir Lagadeginum, ásamt Lögfræðingafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands. Þá hefur félagið nýlega skotið þremur málum til úrskurðarnefndar lögmannna, en það er, eftir því sem ritstjóri kemst næst, í fyrsta sinn sem Lögmannafélagið hefur frumkvæði að því að fara með mál fyrir nefndina. Félagið lét ennfremur til sín taka í umræðum um skipan dómara við Landsrétt enda mikið hagsmunamál fyrir stéttina hvernig til tekst við að ýta starfsemi hins nýja millidómstigs úr vör.

Meginviðfangsefni tölublaðsins er Lagadagurinn 2017 sem haldinn var með pomp og prakt í byrjun maí. Sem fyrr höfðu Lögmannafélagið, Dómarafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands veg og vanda að skipulagningu atburðarins og, eins og jafnan áður, var dagskráin afar fjölbreytt og metnaðarfull.

Að þessu sinni voru gerðar örlitlar breytingar á fyrirkomulaginu. Þannig voru viðburðir Lagadagsins haldnir í Hörpu, en ekki í Hilton Reykjavík Nordica eins og þátttakendur hafa átt að venjast undanfarin ár. Þá voru málstofur með aðeins öðru sniði en í fyrra en sameiginlegu málstofunni var að þessu sinni sleppt.

Það var mál manna að vel hefði tekist til. Málstofurnar voru áhugaverðar og að vanda vel sóttar. Ritstjórn Lögmannablaðsins hélt fast í þá hefð sem skapast hefur að fjalla um málstofurnar og voru með útsendara á hverri þeirra.

Lögmönnum gefst því hér kjörið tækifæri að fá innsýn í hvað bar hæst í málstofunum.

Þá er ástæða til að nefna að aðalfundur Lögmannafélagsins var haldinn í lok maí. Áður en sá fundur var settur var blásið til hátíðarmálþings í tilefni af stofnun Landsréttar. Meðal ræðumanna á málþinginu var Þorgeir Örlygsson, forseti Hæstaréttar. Þorgeir fjallaði um áhrif millidómstigsins á störf Hæstaréttar til lengri og skemmri tíma. Eins og flestum lögmönnum er eflaust kunnugt gera ný lög um dómstóla ráð fyrir því að Hæstarétt muni framvegis skipa 7 dómarar en í dag skipa dóminn 10 dómarar. Útlit er fyrir að frá og með haustinu muni tveir þeirra hugsanlega láta af störfum en það er skilningur ritstjóra að ekki standi til að skipa dómara í þeirra stað. Skipaðir dómarar verði því 8 talsins.

Þorgeir kom inn á það í erindi sínu að þessi staða væri bagaleg. Fækkun dómara hafi í för með sér að svokallaðir málflutningsdagar verði færri. Það muni aftur leiða til þess að miðað við væntan mála fjölda verði ekki hægt að ljúka þeim málum sem skotið verður til réttarins fyrir árslok 2017 fyrir en tveimur árum síðar.

Það er auðvitað mikið hagsmunamál fyrir samfélagið, og ekki síst stétt lögmannna, að skilvirkni í starfi dómstóla sé tryggð og málsmeðferðarhraði sé eðlilegur. Fari sem horfir má hins vegar hafa af því nokkrar áhyggjur að sú verði raunin.



1975 | Bilabúð Benna | 2015



Platinum Edition

Ríkulegur búnaður í Platinum Edition: Leður og Alcantara innrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 20" RS Spider Platinum álfelgur, rafdrifinn GTS sportsæti, stillanlegur forhitari, Bi-Xenon framljós með beygju, BOSE® 665 watta hljóðkerfi, stillanleg fjöðrun (PASM), hiti í framsætum, 8 gíra sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, Privacy glass (litað gler), tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, samlitir brettakantar, svartir háglans gluggalistar, skriðstíllir (Cruise Control), upplýstrir silsalistar, Porsche merki greytt í höfuðpúða, sjálfvirk birtustillingspegla, felgumíðjur með Porsche logo í lit, PCM, Porsche Connect Plus, o.m.fl.

**Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul.
Við verðum gömul af því við hættum að leika okkur.**

Rafmagns Porsche - Cayenne S E-Hybrid

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl | 590Nm tog



PORSCHE

**Bilabúð
Benna**

Porsche á Íslandi | Bilabúð Benna:
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

Opunartími:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

SKIPUN DÓMARA

REIMAR PÉTURSSON HRL.
FORMAÐUR



Traust á dómstólum er forsenda þess að niðurstöður þeirra í viðkvæmum deilumálum séu viðurkenndar af almenningi. Með því að láta val dómara ráðast af hæfni fremur en geðþótta er skapaður grundvöllur fyrir slíku trausti.

Núverandi fyrirkomulag skipunar dómara er ófullkomið, eins og önnur manna verk. Í maí 2015 benti laganefnd Lögmannafélagsins ráðuneytinu á að skynsamlegt væri að fjölga í dómnefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda og bæta við fulltrúum með breiðari bakgrunn. Eins benti nefndin á að starfsreglur nefndarinnar legðu um of áherslu á fjölbreytta starfsreynslu og málflytjendur með langa og farsæla reynslu nytu ekki sannmælis.

Ráðherra lét kyrrt liggja áður en embætti landsréttardómara voru auglýst laus til umsóknar. Ráðherra hlýtur því að hafa álitnið núverandi skipun og fyrri starfshætti dómanefndar viðunandi.

Umsögn dómnefndar um umsækjendur var ánægjuleg fyrir þær sakir að fjöldi lögmannna var talinn í hópi hinna hæfustu. Umsögnin sýndi því þannig skilning að lögmannsreynsla er heppilegur undirbúningur fyrir dómarastörf, enda þekkt að vandaður málflutningur er uppistaða góðrar dómsúrlausnar.

Umsögn dómnefndar var vitaskuld ekki fullkomin. Miðað við fyrri störf nefndarinnar átti aðferðafræðin þó ekki að koma verulega á óvart.

Ráðherra kaus að ganga gegn umsögn dómnefndarinnar. Sérstakar reglur bundu hendur ráðherra þegar hann gerði það. Ráðherra varð samt sem áður að velja hæfasta

umsækjandann og byggja ákvörðun sína á málefnalegum sjónarmiðum og fullnægjandi rannsókn.

Ráðherra mistókst. Sjónarmið ráðherra var að gefa dómara-reynslu aukið vægi. Niðurstöðu ráðherra skorti rökrétt sambengi við það sjónarmið.

Ráðherra var skylt að leggja tillögur sínar um skipun landsréttardómara fyrir Alþingi til samþykktar. Jafnframt var ráðherra skylt að afla heimildar Alþingis til að víkja frá umsögn dómnefndarinnar. Í þessu fyrirkomulagi fólst ekki heimild ráðherra til að beita geðþótta við tillögugerðina. Þvert á móti fólst í þessu sérstök vörn gegn geðþótta-ákvörðun hans.

Alþingi virðist hafa skort skilning á þessu. Formenn tveggja stjórnarflokka upplýstu til dæmis eftir afgreiðslu þingsins að þeirra þingflokkar hafi tilkynnt ráðherra þegar umsögnin lá fyrir að niðurstaða nefndarinnar „færi ekki í gegn.“ Áður yrði að leiðrétta „kynjahalla.“

Þessi skilyrðislausa krafa þingflokka sténst illa lög. Notkun kynjasjónarmiða til að skáka út hæfari umsækjendum er nefnilega andstæð lögum og reyndar einnig stjórnarskrá. Því gat aldrei komið til álita að hafna niðurstöðu nefndarinnar á þessum forsendum nema fyrir lægi vönduð rannsókn sem staðfesti að til staðar væru jafnhæfir umsækjendur af mismunandi kyni.

Eftir að ráðherra var gerður afturreka virðist hann enga tilraun hafa gert til að framkvæma rannsókn sem þessa í þágu kynjasjónarmiða. Ekki var heldur augljóst hvernig slík rannsókn gat leitt til þeirrar niðurstöðu sem þingflokkarnir

kröfðust. Næstu tvær konur á lista voru þannig í 18. og 19. sæti eða talsvert fyrir neðan síðustu tvo karlana sem dómnefndin taldi hæfasta, en þeir voru í 12. og 14. sæti.

Sérkennilegt er að þessi afskipti stjórnarflokkanna tveggja af framsetningu listans hafi ekki komið fram við umræður á Alþingi. Í nefndarátliti meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar er þess í stað lögð áhersla á að Alþingi hafi ekki frumkvæði að hvernig ráðherra beitir tillöguvaldi sínu. Alþingi hafi aðeins „eftirlit“ með lögumæti vinnubragða og tillögugerðar ráðherra.

Fyrirfram afskipti stjórnarflokkanna af tillögugerð ráðherra samrýmast vart slíku eftirliti. Þessu hljóta þeir þingmenn sem um teflir að hafa gert sér grein fyrir. Með því að ákveða fyrirfram að málið „færi ekki í gegn“ hafa þeir því gerst berir að tvískinnungi og virðingarleysi fyrir vandaðri stjórnsýslu, réttaröryggi og sjálfstæði dómstóla.

Öll þessi atburðarrás er til þess fallin að vekja þá skaðlegu tilfinningu meðal almennings að eitthvað annað en hæfni hafi ráðið vali dómara. Sérstaklega er þetta óheppilegt

fyrir þær sakir að mikilvægt var að Landsréttur nyti strax í upphafi starfa þess trausts sem hefði leitt af víðtækri sátt um skipun hans.

Þeir sem starfa í réttarkerfinu verða nú að leitast við að láta þetta ekki spilla þeirri ánægju sem tengist stofnun Landsréttar. Mikilvægt er að vinna ötullega að því að lágmarka þann skaða sem orðinn er svo nýi dómstóllinn fái almennilega viðspyrnu þegar hann tekur til starfa og að dómara þar gjaldi sem minnst fyrir þá annmarka sem urðu við skipun þeirra.

Fyrir dyrum stendur að skipa átta nýja héraðsdómara og mikilvægt er að ráðherra og meirihluti Alþingis bregðist við þegar í stað til að vinna aftur tiltrú almennings. Til að svo megi verða þarf að ráðast tafarlaust í aðgerðir sem um ríkir víðtæk sátt.

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is



Sigríður Á. Andersen.



Þorgeir Örlygsson.

DÓMSTÓLAR

Á TÍMAMÓTUM

Þegar ný lög um dómstóla nr. 50/2016 taka gildi 1. janúar 2018 verða dómstigin þrjú í stað tveggja og lýkur þar með fyrirkomulagi um dómstólaskipan landsins sem verið hefur við lýði í tæplega eina öld. Í tilefni aðalfundar LMFÍ var haldið málþing um dómstóla á tímamótum þar sem Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra, hélt erindi ásamt þeim Þorgeiri Örlygssyni, forseta Hæstaréttar, Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, varaformanni Dómarafélags Íslands, og Reimari Péturssyni hrl., formanni LMFÍ.



Ingibjörg Þorsteinsdóttir.



Reimar Pétursson.

Veigamesta réttarbót í áratugi

Reimar Pétursson sagði að eftir liðlega hálf tveim árum opni Landsréttur dyr sínar en með stofnun hans væri gerð veigamesta bót á íslensku réttarkerfi í áratugi og mikilvægt að undirbúningur tækist vel sem og fyrstu skref. Lögmannafélagið hefði alla tíð lýst yfir ánægju með stofnun hins nýja dómstigs og því aukna réttaröryggi sem því fylgdi.

Reimar ræddi um þann metnað sem bjó í fámennri en fullvalda þjóð sem stofnaði Hæstarétt árið 1920 en fram að því hefði valdboð Dana verið helsti hvati úrbóta í réttarferli landsins. Síðustu áratugi hefðu hins vegar breytingar komið að utan í formi dómsúrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu og nefndi hann sem dæmi aðskilnað umboðs- og dómsvalds í héraði, auknar kröfur um sjálfstæði dómara og kröfur um milliliðalaus málsmeðferð sem brugðist væri nú við með stofnun Landsréttar. Þótt áfellingisdómur í Strassborg væri alvörumál hefði það jafnan reynst jákvætt fyrir réttaröryggi landsmanna til frambúðar: „Engar þjóðir eiga jafn mikið undir tilvist mannréttindasáttmálans og þær smæstu,“ sagði hann.

Réttaröryggisáætlun

Sigríður Á. Andersen sagði að með Landsrétti kæmi nýtt réttarfar; nýtt verklag við áfrýjun mála og nýjar máls-

meðferðarreglur. Taldi hún að gera þyrfti frekari breytingar á hinum nýju dómstólalögum. Það væri til dæmis spurning hvort Hæstiréttur ætti frekar að vera í einni deild, ábendingar hefðu komið frá lögmonnum um að endurskoða þyrfti reglur varðandi öflun réttinda fyrir Hæstarétti og að vinna væri hafin við að semja reglur um hagsmunaskráningu dómara sem einboðið væri að settar yrðu í lög.

Réttaröryggisáætlun

Sigríður ræddi einnig um réttaröryggisáætlun sem er í ferli en hún nær til fjögurra þátta; lögreglu, ákærvalds, dómstóla og fullnustu: „Það sem helst einkennir þessa réttaröryggisáætlun er sú framtíðarsýn að málsmeðferðartími á öllum stigum máls verði hæfilegur þannig að sakborningar, brotáþolar og almenningur geti treyst því að mál þeirra verði tekin fyrir á þeim hraða sem að hvert mál gefur tilefni til,“ sagði Sigríður. Gert væri ráð fyrir aukinni tölfraðilegri úrvinnslu upplýsinga um meðferð sakamála hjá lögreglu og ákærvaldi og heildarendurskoðun og samræmingu á verkferlum. Þá væri stefnt að því að koma á rafrænu gagnafleði þar sem dómara, ákærrendur, verjendur og réttargæslumenn gætu nálgast gögn í sakamáli, þ.m.t. upptöku af skýrslutökum.

Málsmeðferðartími lengist

Sigríður sagði að fjöldi munnlegra fluttra einkamála og sakamála í héraði hefði farið fækkandi sl. sjö ár. Á sama tíma og dómurum hefði fjölgað, og valdheimildir aðstoðarmanna dómara hefðu aukist, þá hefði meðalmálsferðartími fyrir héraði lengst úr því að vera 299 dagar árið 2010 í 386 daga árið 2016: „Við þurfum að leita eftir ástæðum þessa. Lengri málsmeðferðartími getur verið vísbending um að eðli málanna séu þyngri, og að umfang þeirra hafi aukist, en á sama tíma hefur einnig fjölgað verulega þeim málum þar sem þörf hefur verið á sérfróðum meðdómsmönnum,“ sagði Sigríður.

Nýtt hlutverk Hæstaréttar

Þorgeir Örylgsson sagði engum blandast hugur um að með gildistöku nýrra laga um dómstóla væri stórt skref stigið í átt til aukins réttaröryggis. Bæri að þakka öllum þeim sem höfðu kjark, þor og þrek til að berjast fyrir framgangi þessa máls.

Í framtíðinni verða sjö dómáramur við Hæstarétt en Þorgeir lýsti áhyggjum sínum af því að þeim myndi fækka of hratt niður í þá tölu. Gert væri ráð fyrir því að Hæstiréttur lyki meðferð þeirra einkamála sem áfrýjað yrði til hans á þessu ári og að ef fjöldi þeirra yrði svipaður og síðustu ár þá yrði þeim ekki lokið fyrir en undir árslok 2019 sem væri of langur málsmeðferðartími.

Fordæmisgefandi mál

Í nýju réttarfari mun Hæstiréttur dæma einungis í stefnumarkandi málum og þeim mikilvægustu. Þrjú dómáramur munu að jafnaði taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og hvort kæra verði tekin til meðferðar. Þorgeir sagði að ekki væru miklar leiðbeiningar í lögunum um á grundvelli hvaða sjónarmiða þau skyldu veitt: „Þó er þar gengið út frá því að með stofnun millidómstígs, og strangari kröfum um áfrýjun til Hæstaréttar, verði álagi af réttinum létt og skapi það dómurum hans betri aðstæður til að sinna veigamiklum og fordæmisgefandi málum,“ sagði hann.

Ljóst væri að þessi mál þyrftu fyrst og fremst að hafa almenna samfélagslega skírskotun og nefndi Þorgeir sem dæmi stöðu almennrar löggjafar gagnvart stjórnarskrá, áhrif þjóðréttarsamninga að landsrétti, valdmörk og valdheimildir stjórnvalda, ósamræmi í dómaframkvæmd á lægri dómstigum og málefni sem snertu velferð samfélags-

heildarinnar eða einstakra hópa innan hennar: „Sakarefnið þarf með öðrum orðum að hafa áhrif á hagsmunum fleiri en málsaðilanna einna eða sú staða að vera uppi að það sé af einhverri annarri ástæðu mikilvægt að Hæstiréttur taki afstöðu til sakarefnisins,“ sagði hann. Hæstiréttur hefur þegar hafið undirbúning að því að setja sér viðmiðunarreglur við veitingu og synjun áfrýjunarleyfa.

Líklegur fjöldi mála fyrir Hæstarétti

Erfitt er að áætla hve mikill fjöldi mála muni koma fyrir Hæstarétt þegar nýtt skipulag um starfsemi réttarins verður að fullu komið til framkvæmda en í athugasemdum við frumvarp til nýju dómstólalaganna var gert ráð fyrir 30 málum á ári. Þorgeir sagði að Hæstarétti Noregs hefðu á síðasta ári borist 2.331 málskotsbeiðnir. Þar af voru 829 umsóknir um leyfi til áfrýjunar dóma og voru 113 áfrýjunarleyfi veitt og málin munnlega flutt. Þá er biðtíminn frá því að leyfi er veitt og þar til flutningur fer fram nánast enginn í norska kerfinu.

Í lokin sagði Þorgeir að á tímamótum sem þessum væri tækifæri til að gera fleiri breytingar. Dómar Hæstaréttar hefðu að mestu verið samdir eftir sömu aðferðafræðinni í tæplega eina öld og verið væri að skoða hvort taka ætti upp að númera málsgreinar í dómum og hafa fyrirsagnir eins og tíðkast hjá ýmsum alþjóðlegum dómstólum og Hæstarétti Noregs: „Jafnframt hlýtur að koma til álita hvort taka eigi upp þá aðferð við dómasamningu að vísa í meira mæli en nú er gert til úrlausna réttarins í öðrum málum, hvort vitna eigi til úrlausna alþjóðlegra dómstóla og æðstu dómstóla annarra ríkja þar sem það getur átt við og jafnvel til skrifna fræðimanna. Allt þetta hlýtur að koma til skoðunar við þá kerfisbreytingu sem framundan er,“ sagði Þorgeir.

Sterkt dómskerfi ekki sjálfgefið verðmæti

Ingibjörg Þorsteinsdóttir sagði að með stofnun Landsréttar væri stigið mikilvægt skref í átt að traustari og vandaðri málsmeðferð og með nýjum dómstólalögum næðust jákvæðar breytingar fyrir dómskerfið í heild.

Í fyrsta lagi myndi hin nýja dómstólasýsla styrkja stjórnarsýsluna sem hefði til þessa verið veik og með fjármuni af skornum skammti. Í öðru lagi væri gert ráð fyrir mun virkari aðkomu Alþingis að ákvörðun um fjárveitingar til dómstóla þar sem mælt er fyrir um að ráðherra geri Alþingi grein fyrir því ef vikið er frá tillögum dómstólasýslunnar

um fjárveitingar. Tilgangurinn væri að styrkja stöðu dómstóla gagnvart framkvæmdavaldinu en Dómarafélag Íslands hefði beitt sér fyrir því um nokkurt skeið. Í þriðja lagi væri gert ráð fyrir því að sérfróðir meðdómsmenn taki sæti í Landsrétti þar sem það á við auk þess sem gerðar væru nauðsynlegar úrbætur á fyrirkomulagi við kvaðningu slíkra dómara.

Málshraði og vönduð málsmeðferð

Ingibjörg sagði að á liðnum árum hefði of mikið verið horft til málshraða og að halda niðri kostnaði sem kynni að hafa komið niður á öðrum þáttum. Nýtt dómstig myndi óhjákvæmilega minnka skilvirkni í þessum skilningi, mál kynnu að taka lengri tíma og augljóslega myndu sum þeirra fara í gegnum fleiri dómstig. Skilvirkni og málshraði væru hins vegar ekki einu mælikvarðar á gæðum: „Við þurfum á því að halda að meta og mæla aðra þætti í starfsemi dómkerfisins, meta að verðleikum vandaða málsmeðferð og vel ígrundaða dóma, jafnvel þótt það taki lengri

tíma. Það er vonandi það sem ný dómstólalög munu færa okkur,“ sagði hún. Sterkt dómskerfi væri ekki sjálfgefið verðmæti: „Líti maður til íslensks dómskerfis með raunsæi og sanngirni held ég við getum að minnsta kosti sagt að við séum á réttri leið,“ sagði Ingibjörg.

EI



Certum

Þýðingajónusta fyrir lögmennt og lögmannsstofur

Certum er samstarfsvettvangur þriggja löggiltra skjálþýðenda, sem hafa sérhæft sig í þýðingu texta á sviði lögfræði og fjármála úr og á ensku. Samstarfið gerir okkur kleift að taka að okkur umfangsmeiri verkefni en einstaklingar geta með góðu móti sinnt og skila þeim á skemmri tíma.

Þýðendurnir sem mynda samstarfshópinn hafa hver um sig og sameiginlega unnið fyrir velflestar stærstu lögmannsstofur, endurskoðunarfyrirtæki og fjármálafyrirtæki landsins, auk annarra fyrirtækja í almennum rekstri og opinberra stofnana.

Certum þýðingar • Sími: 661 7219 • certum@certum.is • www.certum.is



SÖGULEGT UPPGJÖR Á AÐALFUNDI

Að loknu málþingi um dómstóla á tímamótum þann 24. maí síðastliðinn fór fram aðalfundur LMFÍ. Undir liðnum önnur mál kvaddi Ragnar Aðalsteinsson hrl. og fyrrverandi formaður LMFÍ sér hljóðs og lagði fram ályktun ásamt Hákonni Árnasyni hrl. sem hljóðar svo:

„Aðalfundur LMFÍ haldinn 24. maí 2017, samþykkir að fella úr gildi ályktun aðalfundar félagsins þann 10. mars 1995 þess efnis m.a. að það samrýmist ekki tilgangi félagsins að gefnar séu út álitsgerðir um umsagnir eða ályktanir þar sem pólitísk afstaða er tekin í nafni félagsins í umdeildum þjóðfélagsmálum.“

Ragnar sagði að ályktunin árið 1995 hefði verið samþykkt í framhaldi af því að frumvarp til laga um stjórnarskrá lýðveldisins var lagt fram af öllum þingflokkum á Alþingi. Lögmannafélagið tók í kjölfarið þátt í umræðu í samfélaginu um frumvarpið og varð við tilmælum Alþingis um að skila umsögn, sem undirrituð var af formanni félagsins og formanni laganeftdar, þar sem gagnrýnt var að efnahagsleg og félagsleg réttindi væru sett skör neðar en pólitísk og borgaraleg réttindi. Svo virðist sem höfundar ályktunarinnar hafi álitid að pólitísk afstaða felist í umsögninni en hún hafði allnokkur áhrif og leiddi m.a. til breytinga á frumvarpinu.

Ragnar sagði að þrátt fyrir að ályktunin hefði verið samþykkt á aðalfundinum árið 1995 þá hefði félagið hvað eftir annað á þeim áratugum sem liðin væru fjallað um mannréttindi, þar á meðal í umsögn laganeftdar frá 22. febrúar 2013 um frumvarp að nýrri stjórnarskrá: „Af þeirri umsögn og fjölmörgum öðrum, má ráða að félagið sniðgengur ályktunina frá 1995 og lítur ekki lengur svo á að í umsögn félagsins um lagafrumvörp er lúta að mannréttindum felist pólitísk afstaða,“ sagði hann. Ályktunin frá árinu 1995 væri því orðin til trafala enda merkingar- og áhrifalaus.

Ragnar sagði ennfremur að ályktunin hefði sett félagið niður í álit margra og valdið mörgum lögmonnum óþægindum við að vera yfir höfuð meðlimir þess. Þess vegna legðu þeir Hákon til að þessi gamla ályktun yrði felld úr gildi: „Ég vek athygli á því að það er eingöngu aðalfundur félagsins sem getur fellt úr gildi ályktun þessa gamla aðalfundar frá 1995. Það er ekki hægt að vísa þessu álitaefni til stjórnarinnar, annað hvort er að segja já við ályktuninni eða nei, það eru engar aðrar leiðir heimilaðar samkvæmt fundarsköpum,“ sagði hann.

Jákvæðar undirtektir

Miklar umræður urðu um tillöguna meðal fundarmanna þar sem flestir voru sammála sjónarmiðum Ragnars en veltu m.a. fyrir sér hvort það væri málsmeðferðarlega tækt að fella úr gildi ályktun sem gerð hefði verið fyrir 22 árum og hvort að einfaldara væri að gera nýja. Ennfremur var rætt um hvort fundarmenn ættu að vita fyrirfram hvort það ætti að álykta um eitthvað á aðalfundi eða hvort sterkara væri að boða til nýs fundar til að ræða tillöguna svo fleiri gætu tjáð sig um hana. Þá kom fram að Reimar Pétursson formaður hefði aldrei heyrt um þessa ályktun og það sýndi hvaða þýðingu hún hefði í starfsemi félagsins. Hann sagði jafnframt að það gæti verið óheppilegt ef LMFÍ sæti hljótt hjá í brýnum réttaröryggismálum einungis vegna þess að þau væru umdeild í samfélaginu.

Afstaða LMFÍ í mikilvægum málum

Ragnar sagðist hafa verið í félaginu í 55 ár en frá aðalfundinum árið 1995 hefði sér ekki liðið vel í því: „Allan þennan tíma hefur Lögmannafélagið, stjórn þess, laganeftnd og fundir tekið afstöðu til málefna einkum og sér í lagi löggjafavalds og þau eru í eðli sínu pólitísk“. Ragnar rifjaði upp að á þessum tíma hefðu allir stjórnmalaflokkar landsins staðið að frumvarpi um breytingar á stjórnarskrá. Enginn viti enn í dag hverjir sömdu frumvarpið sem hefði verið með afar gamaldags viðhorf að því er varðaði sérstaklega ýmis réttindi, s.s. efnahagsleg og félagsleg. Síðan hefði hinu borgaralega samfélagi á Íslandi tekist að fá níu eða tíu breytingar á frumvarpinu, til dæmis um jafna stöðu karla og kvenna, en ekki betri efnahagsleg- og félagsleg réttindi.

Ragnar sagði að ef lögmenn vildu halda því fram í dag að efnahagsleg og félagsleg réttindi, sem og mannréttindi, væru málefni sem Lögmannafélagið gæti ekki tekið afstöðu til þá gæti formaður félagsins ekki haldið ræðu eins og hann hefði gert í byrjun fundarins. Þessi ályktun frá 1995 var bindandi og yrði ekki felld úr gildi neins staðar nema á aðalfundi. Ef hún yrði ekki felld úr gildi þá héldi hún áfram að vera bindandi fyrir stjórnina og það væri út af fyrir sig afstaða: „Það er auðvitað ekki félag sem ég vil hafa meiri afskipti af,“ sagði hann.

Sögulegu markmiði náð

Ályktun þeirra Ragnars og Hákonar var rædd áfram af fundarmönnum og í lokin lagði Guðni Haraldsson hrl. fram nýja tillögu, byggða á tillögu Ragnars:

„Aðalfundur Lögmannafélags Íslands, haldinn hinn 24. maí 2017, ályktar að það sé og verði ávallt hlutverk Lögmannafélags Íslands að taka afstöðu til pólitískra ákvarðana stjórnvalda á hverjum tíma ef þau varða mannréttindi þegnanna.“

Óttar Pálsson hrl. fundarstjóri, spurði Ragnar hvort hann vildi draga sína tillögu til baka og hann samþykkti það gegn því að tillaga Guðna yrði samþykkt. Að því sögðu sagðist Óttar líta svo á að tillaga Guðna fæli í sér breytingu á tillögu Ragnars og bar hana undir fundinn sem samþykkti hana samhljóða og með lófaklappi. Í lokin hafði Ragnar þetta að segja: „Sögulegu markmiði náð“.

Stjórn og nefndir

Samkvæmt samþykktum LMFÍ er formaður kosinn til eins árs en tveir meðstjórnendur af fjórum til tveggja ára í senn. Þar sem framboð til stjórnar þurfa að berast viku



fyrir aðalfund var ljóst að sjálfkjörið yrði í öll embætti að þessu sinni.

Reimar Pétursson hrl. var endurkjörinn formaður félagsins og hefur því þriðja og síðasta ár sitt í embætti formanns. Heiðrún Jónsdóttir hdl. og Ástráður Haraldsson hrl. voru kjörin í stjórn en áfram sitja þau Arnar Þór Stefánsson hrl. og Þórdís Bjarnadóttir hrl. Varamenn til eins árs voru kosin þau Hjördís Edda Harðardóttir hrl., Viðar Lúðvíksson hrl. og Birna Hlín Káradóttir hdl.

Skoðunarmenn félagsins næsta starfsár verða þeir Gústaf Þór Tryggvason hrl., og Othar Örn Petersen hrl., og til vara er Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl. Þá var Kristinn Bjarnason hrl. kosinn aðalmaður í úrskurðarnefnd lögmanna og Helgi Birgisson hrl. til vara. Í laganefnd félagsins verða Grímur Sigurðarson hrl., Stefán A. Svensson hrl., Einar Farestveit hdl., Almar Möller hdl., Helga Lára Hauksdóttir hdl., Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl. og Aldís Geirdal Sverrisdóttir hdl.

Hækkun árgjalds

Lögð var fram tillaga um hækkun árgjalds í 60.000 krónur fyrir árið 2018 en tap var á rekstri síðasta árs. Forsvarsmenn félagsins töldu hækkun nauðsynlega m.a. út af fyrirhuguðum launahækkunum, viðgerðum á skrifstofuhúsnæði auk þess sem reikna mætti með meiri kostnaði við rekstur

úrskurðarnefndar miðað við innkominn málaflöjda. Var hækkunin samþykkt.

Breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn lagði fram tillögu að breytingum á tveimur ákvæðum í samþykktum félagsins en einungis 15 félagsmenn þurfti til að krefjast félagsfundar og boða þurfti þá bréflaga. Eftir umræður var samþykktunum breytt svohljóðandi:

2. mgr. 4. gr.

Félagsfundu, aðra en aðalfundi, skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða þegar minnst 50 félagsmenn krefjast þess skriflega, enda segi þeir til um, hvers vegna þeir æskja fundar. Félagsfund skal halda innan mánaðar frá því lögmæt krafa um fundarhald er fram komin.

2. mgr. 7. gr.

Aðalfund skal boða með rafrænni tilkynningu til sérhvers félagsmanns með minnst hálf mánaðar fyrirvara, talið frá og með útsendingardegi fundarboðs. Félagsmenn geta þó óskað eftir að fá sent fundarboð í pósti. Aðalfund skal jafnframt auglýsa innan sömu tímamarka.

EI

AÐILD LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS AÐ KÆRUMÁLUM FYRIR ÚRSKURÐARNEFND LÖGMANNA

Nýlega kvað úrskurðarnefnd lögmanna upp úrskurði í þremur aðskildum málum sem stjórn Lögmannafélagsins hafði skotið til hennar.

Niðurstöður nefndarinnar eru athyglisverðar fyrir margra hluta sakir en kannski sérstaklega fyrir það að í þeim reyndi í fyrsta skipti á beina aðild félagsins að kærumálum fyrir nefndinni. Segir m.a. um þetta atriði í niðurstöðuköflum úrskurða nefndarinnar að Lögmannafélagið hafi m.a. það hlutverk samkvæmt 5. gr. lögmanna laga nr. 77/1998 að koma fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem varða stétt lögmanna. Samþykktir félagsins séu í samræmi við þetta og tilgangur félagsins sé m.a. skilgreindur svo í 2. gr. þeirra að hann sé að sinna lögboðnu eftirlits- og agavaldi. Í niðurstöðu úrskurðarnefndar er jafnframt vikið að því að við þinglega meðferð frumvarps til laga um lögmenn hafi allsherjarnefnd Alþingis útvíkkað kæruehimild ákvæðis 1. mgr. 27. gr. út fyrir þann hóp sem telur umbjóðendur lögmanna, þannig að hún næði einnig til annarra þeirra sem misgert kynni að vera við með brotum. Fram kemur í úrskurðunum að með vísan til þessa og ákvæðis 1. mgr. 43. gr. siðareglna lögmanna verði að viðurkenna formlegan rétt stjórnar Lögmannafélagsins „... til að bera fram kvörtun þegar hún telur að lögmaður hafi brotið gegn lögum eða siðareglum og að brotið hafi beinst gegn hagsmunum lögmanna almennt eða félagsins.“

Lögvarðir hagsmunir af úrlausn mála

Enda þótt úrskurðarnefndin hafi með niðurstöðu sinni í framangreinum málum viðurkennt aðild Lögmannafélagsins að kærumálum eru slíkri aðild settir vissir fyrirvarar

eða takmarkanir. Þannig kemur fram að félagið geti ekki „... knúið fram umfjöllun vegna kvartana sinna sem beinast að því að lögmaður hafi í störfum sínum brotið gegn ákveðnum aðila, sem fer þá með forræði á því sakarefni, þ.á.m. á ákvörðun um hvort þeir beini kærur til úrskurðarnefndar eða ekki.“ Þetta gildi jafnvel þó svo „... það kunni að þykja óheppilegt að lögmenn geti brotið siðareglur án nokkurra afleiðinga ef þeir sem hagsmuni eiga hverju sinni stofna ekki sjálfir til kærumáls.“ Í þessu felst þannig áskilnaður um að úrslit máls þurfi að varða Lögmannafélagið með þeim hætti að það verði talið hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og sé réttur eigandi þeirra.

Loks segir í úrskurðum nefndarinnar að matið á því hvers konar brot feli í sér brot gegn hagsmunum lögmanna almennt sé ekki einfalt, „... en þar undir virðist þó mega fella þá hagsmuni að lögmanna stéttin gegni því hlutverki og njóti þeirrar stöðu sem henni er ætluð í lögum og að ekki sé grafið undan henni með háttsemi sem fer í bága við góða lögmanna hætti og ýmsar siðareglur, einkum í I., III. og VI. kafla, en einnig ákvæði í öðrum köflum þar sem verndarhagsmunir eru almennir, t.d. 18. gr. og 2. mgr. 33. gr.“

Umrædda úrskurði má finna á heimasíðu Lögmannafélagsins en þeir eru númer 26/2016, 28/2016 og 14/2017.

II



Katrín Smári Ólafsdóttir og Margrét Hjálmarsdóttir.

AF LANDAHEITUM OG LÍFEYRI, VERKÞEKKINGU OG HRELLIKLÁMI

Á Lagadeginum 2017 var boðið upp á svokallaðar örmálstofur þar sem flutt voru erindi um fjögur óskyld efni. Hin skelegga Katrín Smári Ólafsdóttir hdl. hjá FOCUS lögmönnum stýrði málstofunum af mikilli fagmennsku.

Geta landaheiti verið vörumerki?

Margrét Hjálmarsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Einkaleyfastofu, reið á vaðið og fjallaði um hvort landaheiti geti verið vörumerki. Landaheiti í vörumerkjum á Íslandi séu skráningarhæf en verndin nái ekki til landaheitisins sem slíks með vísan til 15. gr. vörumerkjalaga, nr. 45/1997. Skilyrði sé þó að ekki sé hætt á að villa sé á uppruna vöru með tilliti til vörumerkis. Dæmi um leyfð vörumerki séu „Feel Iceland“, „Norway Seafood“ og „La Prairie Switzerland“. Orðmerki sem hafnað hafi verið séu t.d. „United States“, „Jamaica“ og „England“. Vandamálið er að mismunandi reglur gilda í mismunandi ríkjum um skráningu landaheita sem vörumerkja og flestir því sammála um að setja þurfi samræmdar reglur. Mál bresku verslunarkeðjunnar „Iceland“ gegn Íslandi er flestum kunnugt en Margrét benti á að það sé grundvallarréttur hvers lands að ráða yfir landaheiti sínu, rétt eins og fána sínum. Telur hún að leggja ætti bann við skráningu landaheita, líkt og Íslands,

sem vörumerkja þó heimilt yrði að nota orðið „Iceland“ í vörumerki að því skilyrði fullnægðu að það sé ekki villandi um uppruna viðkomandi vöru eða þjónustu.

Verndun verkþekkingar í hugverka – og vinnurétti

Árni Vilhjálmsson, hrl. hjá LOGOS lögmennspjónustu fjallaði um réttinn til tækniþekkingar eða viðskiptaleyndarmála (e. Know how). Engin heildarlöggjöf er um þennan hluta einkaleyfaréttar en notast megi við sum ákvæði einkaleyfa- og samkeppnislaga auk ákvæða alþjóðlegra samninga. Hugtaksskilyrði viðskiptaleyndarmála sé skv. alþjóðlegum samningum:

1. Að unnt sé að framselja leyndarmálið.
2. Þekkingin hafi sjálfstætt fjárhagslegt gildi.
3. Trúnaði eða leynd sé viðhaldið.

Sé eitthvert skilyrðanna ekki lengur uppfyllt falli verndin niður. Þýðingarmesta skilyrðið sé það síðasta, hvaða ráð-

stafanir viðkomandi þarf að grípa til og hvernig hann ætli að tryggja að viðskiptaleyndarmálið berist ekki öðrum. Nauðsynlegt hafi þótt að samræma löggjöf aðildarríkja ESB að þessu leyti enda mismunandi lagaumhverfi í hverju ríki og því sett tilskipun þar um. EES ríki hafi frest til júní 2018 til að innleiða tilskipunina en hún hafi að geyma sambærilega skilgreiningu og að framan greinir.

Skipting ellilífeyrisréttinda

Þórey S. Þórðardóttir hrl. og framkvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða, fjallaði þar næst um skiptingu ellilífeyrisréttinda. Sagðist hún með erindi sínu fyrst og fremst vilja vekja athygli á því að unnt sé að skipta lífeyrisréttindum hjóna og sambúðarfólks á grundvelli laga nr. 128/1997 en margir virðist telja að skipting lífeyrisréttinda eigi aðeins við þegar um skilnað er að ræða. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laganna sé hægt að skipta lífeyrisréttindum með þrennu móti:

1. Greiðsluskipting þar sem greiðsluflæði sé skipt á milli hjóna.
2. Réttindaskipting þar sem skipt sé á milli hjóna þegar greiddum réttindum.
3. Iðgjaldaskipting þar sem skipt sé á milli hjóna framtíðariðgjöldum.

Rétturinn til að semja um lífeyrissjóðsgreiðslur með þessum hætti sé undantekning frá meginreglu um að við getum ekki samið um lífeyrisréttindi okkar og geti verið hagnýtur í ýmsum tilfellum. Þórey nefndi sem dæmi að þegar annar aðili sé kominn inn á hjúkrunarheimili og greiði hlutfall af tekjum sínum til heimilisins. Þá er unnt að lækka tekjur hans og hækka tekjur til þess sem heima situr. Úrræðin séu einkum hugsuð til þess að jafna réttindi hjóna og sambúðarfólks.

Hrelliklám

María Rún Bjarnadóttir, doktorsnemi í lögfræði við Sussex háskóla, fór í upphafi yfir skilgreiningu á hugtakinu hrelliklám eða öllu heldur á skilgreiningarvanda. Útgangspunkturinn væri þó að um væri að ræða myndbirtingu gegn samþykki viðkomandi. Fjallaði hún um skyldu löggjafans til að setja lög sem leggi bann við hrelliklámi. Íslensk löggjöf tryggði ekki mannréttindi að fullu þegar kæmi að mannréttindum sem falli undir 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Löggjöfin sé skökk og beitt með mjög mismunandi hætti en hrelliklámsbrot hafi verið felld undir nokkur mismundi ákvæði í almennum hegningarlögum. Þetta valdi óvissu bæði fyrir brotþola og þann sem fremur brotið. Telur hún þá leið sem sænski löggjafinn fór til eftirbreytni en þar voru sett inn í hegningarlöggjöfina ákvæði sem beinist aðeins gegn stafrænum friðhelgisbrotum annars vegar og alvarlegum stafrænum friðhelgisbrotum hins vegar.



Árni Vilhjálmsson.



María Rún Bjarnadóttir.



Þórey S. Þórðardóttir.

Að lokum

Málstofan var afar skemmtileg og einkenndist af léttleika ekki síður en fróðleik. Töldu málstofugestir það gott fyrirkomulag að fá að fræðast um fjögur ólík efni í einu. Vel var haldið utan um tímasetningar og þó góðar spurningar hafi komið úr sal að loknu hverju erindi var málstofunni lokið á auglýstum tíma.

Auður Björg Jónsdóttir hrl.

SJÁLFSTÆÐI LÖGMANNASTÉTTARINNAR

Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og fyrrverandi formaður Lögmannafélags Íslands stjórnaði málstofu á ensku um sjálfstæði lögmannastéttarinnar á Lagadaginn 2017. Framsögumenn voru Ruthven Gemmell, skoskur lögmaður og forseti samtaka evrópskra lögmannafélaga (CCBE), og Reimar Pétursson, hrl. og formaður LMFÍ.



Afregluvæðing og aðgangshindranir

Eftir kynningu Þórunnar á framsögumönnum og erindum þeirra steig Ruthven Gemmell í pontu og fjallaði um sjálfstæði lögmannastéttarinnar á breiðum grunni. Í erindinu vék Ruthven m.a. að tillögum á vettvangi Evrópusambandsins um afregluvæðingu þjónustustarfsemi sérfræðinga (Service Package), en í þeim er að finna tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til aðildarríkja um það hvernig draga megi úr aðgangshindrunum að sérfræðistéttum, án þess að það komi niður á gæðum þjónustunnar. Í tilmælunum kemur m.a. fram að í flestum löndum sé erfitt að verða lögmaður og yfirstíga þurfi margvíslegar hindranir á leiðinni, t.d. langskólagöngu og að standast prófraun (bar exam). Þá séu margvísleg boð og bönn sem eiga að tryggja fagmennsku stéttarinnar, t.d. um skyldu til þess að vera með ábyrgðartryggingu, bann við því að reka þverfaglega stofu (t.d. lögfræði- og endurskoðunarskrifstofu) o.s.frv. Í tilmælunum er lögð áhersla á að aðildarríkin eigi ekki að hindra aðgengi að lögmannastéttinni nema hindranirnar séu nauðsynlegar, auk þess sem gæta þurfi meðalhófs. Ruthven lagði áherslu á að aðgangshindranir af fyrrgreindum toga væru í mörgum tilvikum nauðsynlegar til að vernda sjálfstæði lögmannastéttarinnar og stuðla að gæðum þjónustunnar. Taldi hann að af þessum sökum mætti ekki ganga of langt í afregluvæðingunni.

Sjálfstæði gagnvart yfirvöldum

Ruthven fjallaði einnig um mikilvægi þess að lögmennt væru sjálfstæðir gagnvart yfirvöldum og að þau ættu ekki að geta svipt lögmennt réttindum eða víkja þeim frá í einstaka málum, nema í algerum undantekningartilvikum. Nefndi hann sérstaklega að það hafi komið sér á óvart í störfum sínum fyrir CCBE að sjálfstæði lögmannastéttarinnar væri víða fótum troðið. Sjálfstæði lögmannanna væri þó ekki síður mikilvægt en sjálfstæði dómara. Varaði hann jafnframt við tillögum, sem nokkuð hefur borið á á undanförunum árum, um að skylda lögmennt til þess að tilkynna yfirvöldum um óæskilega hegðun umbjóðenda sinna, t.d. peningaþvætti. Í fyrirspurnum kom fram í máli Ruthvens að þetta væri þó að sjálfstöðu erfitt samspil á milli almannahagsmuna, þ.e. að ríkisvaldið vilji komast að hinu sanna í tilteknu máli, og trúnaðarsambands lögmanns og skjólstæðings hans.

Af brjóstapúðum og frumkvæðiskvörtunum

Reimar Pétursson hóf ræðu sína á almennum nótum um sjálfstæði lögmannsstéttarinnar og benti t.d. á að í samkeppnisumhverfi lögmannanna væru til staðar ákveðnar

freistingar um að gefa umbjóðendum sínum hagfellda, en ekki endilega hlutlausa, ráðgjöf. Til þess að sporna við þessu væri mikilvægt að lögmaður væri með marga umbjóðendur, svo rekstur hans væri ekki undir því kominn að ákveðnir umbjóðendur héldu viðskiptum sínum við hann. Benti Reimar á að þetta væri sérstaklega erfitt í tilviki innanhússlögmannanna, því þeir hefðu aðeins einn umbjóðanda – fyrirtækið sem þeir starfa hjá.

Reimar talaði einnig á sömu nótum og Ruthven um að ríkisvaldið ætti ekki að skylda lögmennt til þess að upplýsa um málefni umbjóðenda sinna. Gagnrýndi hann sérstaklega dóm Hæstaréttar í máli nr. 347/2012 þar sem lögmanni var, að kröfu skattrannsóknarstjóra, gert að afhenda nöfn og kennitölur allra þeirra sem leitað hefðu til hans eftir lögfræðistoð vegna brjóstapúðaaðgerða (PIP). Krafa skattayfirvalda var sett fram vegna skattrannsóknar sem lækurinn sem framkvæmdi aðgerðirnar sætti. Reimar taldi að starfsemi LMFÍ væri mikilvæg til þess að sporna við atriðum sem þessum. Félagið þyrfti að vera málpípa lögmannastéttarinnar og mótmæla og gagnrýna afskipti ríkisvaldsins af henni.

Að lokum nefndi Reimar að LMFÍ hefði í ákveðnum málum, að eigin frumkvæði, beint kvörtununum til úrskurðarnefndar félagsins. Taldi hann að þetta væri í samræmi við eftirlitshlutverk LMFÍ, en félagið tæki það hlutverk alvarlega, enda væri það liður í að tryggja fagmennsku og sjálfstæði stéttarinnar.

Að lokum

Eftir erindi framsögumanna bárust nokkrar spurningar úr sal og sköpuðust ágætis umræður um stöðu lögmannanna gagnvart hinu opinbera og mikilvægi þess að tryggja sjálfstæði stéttarinnar. Til gamans má minnast á að í aðdraganda einnar spurningar benti spyrjandi á að nafnið „Ruthven Gemmell“ gæti hugsanlega átt íslenskar rætur. Nafnið myndi þá mögulega útleggjast á ástkæra ylhýra málinu okkar sem „Hrútur gamli“. Ábendingin var þó bersýnilega glens.

[Víðir Smári Petersen hrl.](#)



ÁBYRGÐ

STJÓRNARMANNA OG

STARFSMANNA FYRIRTÆKJA

Málstofa Lagadagsins 2017 um ábyrgð stjórnarmanna og starfsmanna fyrirtækja var tvískipt. Fyrri hluti fjallaði um bótaábyrgð stjórnarmanna og stjórnendavátryggingar, og hversu mikið gagn sé af þeim, og var stýrt af Áslaugu Árnadóttur hdl. Seinni hluti fjallaði um refsíábyrgð stjórnarmanna og starfsmanna samkvæmt samkeppnislögum og var undir stjórn Huldu Árnadóttur hdl.

Bótaábyrgð og gagnsemi stjórnendavátrygginga

Þóra Hallgrímsdóttir, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, vék í upphafi stuttlega að dómi sem féll þann 25. apríl 2016 í Héraðsdómi Reykjavíkur í svokölluðu Lífsverksmáli, nr. E-2942/2014, þar sem VÍS og fyrrum stjórnendur lífeyrissjóðsins voru dæmdir til greiðslu skaðabóta. VÍS áfrýjaði niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar en aðilar náðu sáttum áður en málið var flutt. Þóra byrjaði á því að fjalla um skaðabótaréttarleg álitafni, s.s. hvort allir stjórnendur geti borið persónulega skaðabótaábyrgð vegna sinna starfa og fór yfir ákvæði skaðabótalaga um vernd starfsmanna. Hún velti því

upp hvaða takmarkanir kunni að vera á persónulegri skaðabótaábyrgð stjórnenda sem geta talist starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og vék þar að dómi Hæstaréttar í máli nr. 482/2003.

Þóra fjallaði um hvort stjórnarmenn séu í annarri stöðu en aðrir stjórnendur og hvort þeir séu starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Hún vék að samsömun milli ákvarðana æðstu stjórnenda og félagsins og tengsl við sérstakar bótareglur félagaréttar. Að mati Þóru er sjálfstæð bótaábyrgð stjórnarmanna utan gildissviðs bótareglna félagaréttar ekki útilokuð en þá telur hún að einnig þurfi



að fara fram mat á því hvort þeir njóti að einhverju leyti verndar 23. gr. skaðabótalaga.

Síðari hluti erindisins fjallaði um váttryggingaréttarleg álitafni vegna stjórnendaváttrygginga. Þar var vikið að upplýsingaskyldu váttryggingartaka við töku tryggingar sem og upplýsingaskyldu váttryggðs. Þóra vakti athygli á kröfugerðarreglunni og fjallaði stuttlega um áhrif reglunnar og dóm Hæstaréttar í máli nr. 481/2013. Einnig fór hún yfir sérstöðu stjórnendaváttrygginga varðandi gildistíma váttryggingasamnings.

Að loknu erindi Þóru tóku Ólafur Eiríksson hrl. og Ólafur Haraldsson hrl. við keflinu. Í umræðum kom m.a. fram að ekki væri komin nægileg reynsla á þessa tegund trygginga og að ýmis álitafni væru uppi um hana.

Refsiábyrgðsamkvæmt samkeppnislögum

Í síðari hluta málstofunnar fjallaði Heimir Örn Herbertsson hrl., sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, um túlkun 1.-3. mgr. 41. gr. a samkeppnislaga. Ákvæðið var tekið upp í núverandi mynd með breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007 og var til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 360/2015.

Heimir Örn hóf erindið á stuttri umfjöllun um refsíákvæði vegna samkeppnislagabrotá í Bandaríkjunum, Evrópu og á Norðurlöndunum og kom fram að hvergi væri refsíábyrgðin jafn víðtæk og hér á landi. Því næst vék hann að framangreindri lagabreytingu á samkeppnislögum þar sem fram kom að markmið hennar hefði meðal annars verið að þrengja refsíábyrgð þannig að einungis alvarlegustu brotin væru refsiverð. Í samkeppniserétti væri um að ræða tvær tegundir verðsamráðsbrotá; verðsamráðsbrot með

samkeppniseröskun að markmiði, „markmiðsbrot“, og verðsamráðsbrot með samkeppniseröskun sem afleiðingu, „afleiðingabrot“. Aðeins afleiðingabrot væru refsiverð.

Þá vék Heimir Örn að fyrrnefndum dómi Hæstaréttar, sem fjallaði um verðsamráð starfsmanna Byko og Húsasmiðjunnar. Í héraði var einn sakborningur af tíu sakfelldur en Hæstiréttur sakfelldi alla sakborningana nema tvo. Hæstiréttur hefði vikkað refsíábyrgðina út til muna frá því sem samkeppnislög gera ráð fyrir og túlkað ákvæði 1.-3. mgr. 41. gr. a samkeppnislaga þannig að hvers kyns brot á 10. gr. samkeppnislaga séu refsiverð, en ekki einungis afleiðingabrot. Þessi niðurstaða skapi því verulega réttaróvissu.

Í panil sátu Hörður Felix Harðarson hrl. hjá Mörkinni lögmannsstofu og Jón Þór Ólason hdl. hjá Jónatansson & Co. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Þeir tóku undir með Heimi Erni og töldu að Hæstiréttur hefði gengið of langt í túlkun sinni á refsíheimild samkeppnislaga og að dómurinn vekti upp spurningar um skýrleika refsíheimildanna. Ýmis atriði þyrfti að taka til skoðunar í framhaldi af dóminum, svo sem hvort eðlilegt væri að refsa einstaklingum fyrir brot á samkeppnislögum, hvers vegna samkeppnislög fjalli ekki um saknæmistig og fleira. Þar með lýkur umfjöllun um þessa áhugaverðu og vel sóttu málstofu.

[Guðríður Svana Bjarnadóttir hdl.](#)

UPPLÝSINGALÖG

Í OPNU OG LÝÐFRJÁLSU SAMFÉLAGI

Aftur komið vor og Lagadagur. Málstofa um upplýsingalöggjöfina. Næstum of gott til að vera satt. Undirritaður mætti fróðleiksfús í Hörpu til að hlýða á fyrirlesara fjalla um viðfangsefnið og ekki sá eini því bekkurinn var þétt setinn.

Í lýsingu á málsstofunni kom fram að þróun í upplýsingatækni gerði það verkum að stjórnvöld ættu einfaldara með að safna og miðla upplýsingum. Á sama tíma hafi kröfur um aðgang að upplýsingum og gögnum aukist. Aðgangur að gögnum hins opinbera sé forsenda þess að veita stjórnvöldum aðhald t.d. til að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir. Ýmsir einka- og almannahagsmunir mæli hins vegar gegn því að a.m.k. hluti þeirra upplýsinga verði gerður aðgengilegur hverjum sem er. Hugmyndin með málsstofunni var að gera grein fyrir helstu reglum upplýsingalaga að þessu leyti, álitamálum þeim tengdum og áhrifum reglna um þagnarskyldu á úrlausn mála.

Málstofustjóri var Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. Hann opnaði málsstofuna með umfjöllun um eldri lög, svokallaða tilgreiningarreglu og aukna kröfu um aðgengi að gögnum eftir hrun. Hann minnti á að reglur um aðgang að upplýsingum byggðu á og væru samofnar hugmyndinni um lýðfrjálst og opið samfélag, samráð og heilindi í opinberum störfum. Mannréttindadómstóll Evrópu hefði í máli gegn Ungverjalandi komist að þeirri niðurstöðu að synjun á afhendingu gagna fæli í sér brot á tjáningarfrelsi. Páll upplýsti að stjórnvöld ynnu að því að bæta framkvæmd hjá sér, m.a. með auknu aðgengi gagna o.fl. Þá væri stefnt að því að gera alla reikninga ráðuneyta opinbera.

Frá hverju mega stjórnvöld segja?

Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fjallaði um upplýsingar um fyrirtæki og frá hverju stjórnvöld mættu segja. Tvö brún egg prýddu upphaf glærुकynningar Kjartans til áminningar um þau áhrif sem upplýsingar frá stjórnvöldum geta haft fyrir almenning og starfsemi fyrirtækja og hve viðkvæmar slíkar upplýsingar geta verið.

Um takmörkun á upplýsingarétti gildir 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Kjartan sagði að óheimilt væri að veita aðgang að gögnum sem vörðuðu mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila sem sanngjarnt væri og eðlilegt að leynt fari, nema með samþykki þess sem í hlut ætti. Reglan væri vísiregla en engin lögbundin viðmið væru til staðar. Gögn sem ekki væri veittur aðgangur að væru atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál og viðkvæmar upplýsingar um rekstrar- eða samkeppnisstöðu og aðra mikilvæga viðskiptahagsmuni. Meta þyrfti hvert tilvik með hliðsjón meginreglu 5. gr. laganna um afhendingu gagna og sjónarmiða um að upplýsingar um ráðstöfun opinberra hagsmuna séu aðgengilegar almenningi. Fjallaði Kartan um að við matið þyrfti að líta til sjónarmiða um hvort birting upplýsinga skerti samkeppnishæfni, hvort tjón gæti hlotist og hve mikið, hvort upplýsingar væru opinberar eða almennt þekktar. Leynd ríkti hins vegar almennt um upplýsingar um vörubrúun, framleiðsluáðferðir og greiningar á viðskiptaumhverfi. Aðspurður taldi Kjartan erfitt að setja frekari viðmið í lög m.t.t. fjölbreytileika tilvika.

Yfir hverju eiga þau að þegja?

Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, fjallaði um samspil þagnarskyldu og upplýsingaréttar. Trausti skýrði út hvað fælist í þagnarskyldu starfsmanna hins opinbera sem legði bann við að starfsmenn notfærðu sér eða miðluðu upplýsingum sem leynt eiga að fara sbr. m.a. 18. gr. starfsmannalaga og 57. gr. sveitarstjórnarlaga. Brot á þagnarskyldu geti líka falist í að tryggja ekki viðhlítandi varðveislu gagna. Sérstök þagnarskylduákvæði, sérgreind ákvæði, gengju framár ákvæðum upplýsingalaga. Eins gengju sérákvæði um veitingu tiltekinna upplýsinga framár ákvæðum um þagnarskyldu s.s. ákvæði skattalaga um birtingu upplýsinga og reglur þinglýsingalaga. Hvort



2. Upplýsingalöggjöfin

- Frá hverju verða stjórnvöld að segja og um hvað verða þau að þegja?

Málstofustjóri

Páll Þórhallsson skrifstofustjóri forsætisráðuneytinu.

Framsögumenn

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. [glærur](#)

Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands. [glærur](#)

Elín Blöndal lögfræðingur Háskóla Íslands. [glærur](#)



slíkar reglur séu nægilega sérgreindar velti á túlkun m.a. með hliðsjón af þeim hagsmunum sem henni er ætlað að tryggja. Trausti benti á að íslensk þagnarskylduákvæði væru dreifð, lítt unnin og erfið í túlkun. Matskenndar og óskýrar reglur væru dýrar í framkvæmd. Trausti varpaði að endingu fram þeirri spurningu hvort réttaröryggi krefðist e.t.v. skýrari reglna og hvort löggjafinn þyrfti að marka skörun reglnanna með skýrari hætti.

Vernd almannahagsmuna


Elín Blöndal, lögfræðingur Háskóla Íslands, tók í lokin fyrir vernd almannahagsmuna samkvæmt 10. gr. upplýsingalaga og aðgang að prófum á vegum hins opinbera. Elín fór yfir meginreglur upplýsingalaga um rétt almennings til aðgangs að gögnum og takmarkanir á upplýsingarétti í 6.-10. gr. laganna. Vék hún sérstaklega að 5. tl. 10. gr. upplýsingalaga sem heimilar takmörkun á aðgengi almennings að gögnum ef fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum hins opinbera yrðu þýðingarlaus eða skiluðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavitorði. Hún vék jafnframt að 2. tl. 1. mgr. 12. gr. laganna þar sem tekið er fram að takmörkun skv. 5. tl. 10. gr. falli niður jafnskjótt og ráðstöfunum eða

prófum er að fullu lokið. Elín fjallaði um nokkra úrskurði þar sem annars vegar var fallist á að veita bæri aðgang að prófum sem væri lokið en hins vegar var hafnað aðgangi að prófum sem væru notuð eins aftur. Ljóst væri að svigrúm til að takamarka aðgang að prófum sem væri lokið væri lítið nema ef prófin væru notuð alveg eins aftur. Undirritaður skildi umfjöllun Elínar svo að hún efaðist um að ákvæði laganna þannig túlkuð þjónuðu þeim almannahagsmunum sem þeim væri ætlað að þjóna.

Í lokin

Ekki gafst mikill tími til umræðna að loknum erindum enda ilmurinn af hádegisverði farinn að læðast inn í salinn. Athygliverð var þó orsaga starfsmanns eins ráðuneytisins sem fengið hafði nýjan skrifstofustól. Þar sem reikningar ráðuneytisins höfðu verið gerðir opinberir innan stjórnsýslunnar fékk viðkomandi starfsmaður fjölda „fyrirspurna“ um stólakaupin. Getur verið að meira sé ekki alltaf betra?

Ívar Pálsson hrl.



RAFRÆNT RÉTTARKERFI

Umræða um rafvæðingu réttarkerfisins er fjarri því að vera ný af nálinni. Þrátt fyrir að Íslendingar séu þekktir að því að vera jákvæðir í garð tækninýjunga og fljótir að tileinka sér þær er málið fjarri því að vera einfalt. Rafvæðingu fylgir óhjákvæmilega kostnaður auk þess sem sitt sýnist hverjum þegar mikilsverðar breytingar eru fyrirséðar. Það er því ekki að undra að bekkir Kaldalóns í Hörpu hafi verið þéttskipaðir á málstofu Lagadagsins 2017 sem fjallaði um efnið í þátíð, nútíð og framtíð.

Málstofunni, sem var afar vel undirbúin, stýrði Hörður Helgi Helgason hdl. hjá Landslögum. Framsögumenn voru Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl. hjá Landsbankanum, Elfur Logadóttir lögfræðingur, sérfræðingur í traustþjónustu og framkvæmdastjóri ERA, og Barbara Björnsdóttir héraðsdómari hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Skiptu þau efnistöfum afar vel á milli sín og flæðið í málstofunni því einkar gott. Samnefnari umfjöllunar þeirra allra var að áskoranirnar væru einkum form, efni, afhending og geymsla/vistun.

Fullkominn rafrænn heimur

Fyrstur tók til máls Ásgeir Helgi Jóhannsson sem fór yfir „söguna“, ef svo má að orði komast, og stöðuna í dag. Fór hann yfir réttarþróun á sviðinu frá upphafi rafrænna undirskrifta og fjallaði um efnið út frá sjónarhóli bankamannsins en 15 ár eru síðan rafrænar undirskriftir urðu veruleiki hérlendis. Taldi hann einsýnt að dómstólar væri eftir á í rafvæðingunni samanborðið við viðskiptalífið sem þegar stundaði rafræna verslun og þjónustu, byggðu á rafrænum samningum og reikningum, auk þess sem lánaferlar væru orðnir rafrænir. Þá væru ríki og sveitarfélög í auknum mæli farin að tileinka sér, nýta og viðurkenna rafræn gögn. Tók hann sem dæmi RSK sem einna lengst væri komið með rafrænum skattskilum. Í heilbrigðiskerfinu hefðum við aðgang að rafrænu sjúkraskrárkerfi, svonefnda heilsugátt þar sem almenningur getur átt í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna og nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá. Sveitarfélög hefðu mörg hver tekið að bjóða upp á rafrænar kosningar um ýmis málefni, fyrirtækjaskrá væri rafræn og fleira. Ásgeir taldi rafvæðingu fremur einfalda í sjálfu sér, en það væri einkum hugarfarinu sem þyrfti að breyta og viðhorfinu. Vel væri hægt að nýta þau fordæmi sem fyrir væru í íslenskri löggjöf til að breyta málsmeðferðinni og svo væri aðalviðfangsefnið að vinna upp traust gagnvart hinni nýju tækni – og taka henni með opnum huga og örmum. Kvaðst hann sjá fyrir sér í fullkomnum heimi að ferlið væri rafrænt allt frá útgáfu reiknings til nauðungarsölubeiðni.

Traustþjónusta

Í framhaldi af erindi Ásgeirs um traust gagnvart hinni nýju tækni fór vel á því að Elfur Logadóttir fjallaði um uppruna trausts í rafrænum samskiptum og einkum hina svonefndu traustþjónustu en á því sviði eru miklar réttarbætur í farvatninu. Traustþjónusta og rafræn auðkenning er helsta viðfangsefni nýrrar reglugerðar Evrópuþingsins, hinni svonefndu eIDAS reglugerð, nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðnum. Elfur gerði grein fyrir markmiðum og hlutverki reglugerðarinnar sem er einkum að greiða fyrir rafrænni þjónustu yfir landamæri og að skylda viðurkenningu á rafrænum skjölum, rafrænni auðkenningu og traustþjónustum. Rauði þráðurinn í reglugerð ráðsins og nýmæli er í stuttu máli að lagt er bann við mismunun eftir formi. Í þessu felist skýr skilaboð frá ESB að gögn á rafrænu formi geti og eigi að hafa réttaráhrif.

Elfur tók dæmi úr viðskiptalífinu, s.s. með tilurð og uppsögn rafrænna ráðningarsamninga, rafrænna kaupmála og álitaeftni tengd því að gera slíka gerninga rafrænt með

fullnægjandi hætti. Traust væri ekki nægjanlegt á því sem þó væri mögulegt innan þess lagaramma sem við búum við þar sem núverandi fyrirkomulag byggir nær allt á því að „skriflegt“ vísi til pappírforms – einum A4. Rafrænn kaupmáli hefði t.a.m. að óbreyttu ekki stuðning í íslenskri löggjöf. Yfirferð Elfar og dæmin sem tekin voru vörpuðu afar góðu ljósi á þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir hérlendis.

Að ýmsu að hyggja

Að lokum steig í pontu Barbara Björnsdóttir með sýn dómstólanna og starfsmanna þeirra. Barbara taldi dómara og réttarkerfið almennt jákvætt í garð rafvæðingar og engum dyldist það hagræði sem innleiðing slíks myndi hafa í för með sér, þó ekki væri nema sparnað á pappír og þar með geymslurými gagna í áþreifanlegu formi. Að ýmsu þyrfti þó að hyggja í tengslum við rafvæðinguna. Þannig gerðu til að mynda lög um meðferð einkamála skýrlega kröfu um „skjal“ í merkingunni A4, og nefndi hún í því sambandi stefnur sem unnt á að vera að fullnægja með aðför, greinargerðir stefnda og dómsáttir, sbr. greinar 80., 99., og 109 í dæmaskyni. Í sakamálaréttarfarinu væri þetta jafnvel enn áleitnara og þörfin til aukinna rafvæðingar brýnni, í ljósi þess að staðreyndin væri einfaldlega sú í dag að hryggjarstykkið í sakamálum væru gögn á mynd- og hljóddiskum. Inntak 37. gr. sakamálalaga liggur fyrir. Máli sínu til stuðnings vísaði hún til orðalags héraðsdómara í málinu nr. 113/2017 í dómasafni Hæstaréttar, þar sem dómari taldi sér ekki heimilt að víkja frá skýrum fordæmum réttarins þrátt fyrir veruleikann.

Skjalið er dautt

Öllum framsögumönnum bar saman um að í reynd væri ekkert að vanbúnaði hérlendis við rafvæðingu réttarkerfisins, að skortur á fjármagni væri það eina sem hamlaði og að mikil tækifæri væru fólgin í stofnun hins nýja milli-dómstigs varðandi rafrænt réttarfar.

Á þeim jákvæðu nótum lauk þessari efnismiklu, fróðlegu og vel skipulögðu málstofu. Til gamans má geta þess að málstofustjóri vakti máls á því að réttnefni stofunnar hefði ef til vill mátt vera: „skjalið er dautt“ í ljósi þess sem í vendum er. Hvort það er rétt eða ekki lætur undirrituð liggja milli hluta en ljóst er að spennandi tímar eru framundan fyrir okkur öll.

Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.



AF VETTvangi DÓMSTÓLANNA

Á einni af málstofum Lagadagsins 2017 var farið yfir þrjú efni af vettvangi dómstólanna sem hafa verið í brennidepli. Málstofustjóri var dr. Finnur Magnússon hrl.

I. Þurfa öll mál að fara fyrir dómstóla?

Víðir Smári Petersen hrl. og Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari veltu fyrir sér hvort öll mál þyrftu að fara fyrir dómstóla.

Í erindi Víðis Smára „Hvenær eiga aðila að ná sáttum?“ gerði hann grein fyrir þeim áhættuþáttum sem stefnandi máls stendur frammi fyrir við málshöfðun; hverjar líkur séu á því að málið vinnist og ef það vinnst hvort stefnandi

muni fá alla kröfuna dæmda og málskostnað greiddan. Ef að málið tapast hins vegar, hve mikið þurfi stefnandi að greiða í málskostnað.

Erindið byggði Víðir Smári á rannsókn sinni á 386 einkamálum Hæstaréttar á árunum 2013 – 2014 þar sem hann rannsakaði sigurhlutfall stefnanda, hlutfall kröfufjárhæðar og dæmdrar fjárhæðar og dæmdan málskostnað. Gerði hann grein fyrir ákveðinni „sáttjöfnu“

sem beita mætti til að meta þolmörk stefnanda og stefnda við mögulegar sættir. Rökstuddi hann að ef aðilar væru sammála um sigurlíkur þá ættu þeir alltaf að semja. Sáttavilji kynni hins vegar að takmarkast af ágreiningi um líklega niðurstöðu dómstóla en það sem kynni að valda slíkum ágreiningi væri upplýsingaójafnvægi og/eða eiginhagsmunaskekkja (bjartsýni). Vakti hann athygli á hlutverki lögmannna í þessu sambandi en með ísköldu mati ættu þeir að jafnaði að geta metið hvoru megin sigurlíkur lægju. Aðrir þættir sem kynnu að hafa áhrif væru áhættuþol, andlegt álag og/eða óvissa um greiðslugetu.

Rannsókn Víðis Smára leiddi í ljós að í tilviki einstaklinga væri sigurhlutfall stefnanda 45% og hlutfall milli stefnufjárhæðar og dæmdrar fjárhæðar 68%. Í tilviki lögaðila var hlutfallið hins vegar 53% og hlutfall milli stefnufjárhæðar og dæmdrar fjárhæðar 91%. Samantekið væru líkur einstaklinga á því að fá alla stefnufjárhæð sína dæmda 28,35% en 48,23% í tilviki lögaðila.

Að lokum gerði Víðir Smári grein fyrir áhrifum málskostnaðar, sem væri stór áhættuþáttur og oft réttlætismál. Mikilvægt væri að hafa í huga að munur á raunverulegum málskostnaði og dæmdum málskostnaði væri oft mikill.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir gerði grein fyrir öðrum leiðum sem tækar eru til að leysa úr ágreiningi í einkamálum, svo sem sáttameðferð utan réttar, sáttameðferð eftir málshöfðun, smámálameðferð og gerðardómar. Ýmsir kostir eru við að fara aðrar leiðir en dómstólaleiðina. Til að mynda geta þær verið ódýrari fyrir deiluaðila, málsmeðferð getur tekið styttri tíma, gæði úrlausnarinnar kunna að vera meiri og kostnaður ríkisins og álag á dómstólunum minnkar. Þá er hægt að binda úrlausnir við afmarkaða þætti máls.

Ingibjörg fór yfir hlutverk dómara og þau áhrif sem þeir geti haft á mögulegar sættir. Rakti hún sérstaklega kosti smámálameðferða og gerðardómstóla og taldi ástæðu til að beita þeim leiðum í mun meiri mæli en gert er. Ýmislegt kynni að standa í vegi fyrir beitingu slíkra leiða, svo sem löggjöf, óskýr eða óþekktur rammi, stofnanaumgjörð, skortur á þekkingu og þjálfun, málskostnaðartryggingar, gjafsóknir og hagsmunir annarra en aðila máls.

II. Hvar á að draga mörkin milli refsinga og fullnustuúrræða?

Í öðrum þætti málstofunnar ræddu þeir Sigurður Tómas Magnússon prófessor og Valtýr Sigurðsson hrl. og fyrrverandi fangelsismálastjóri um hvar draga eigi mörkin milli refsinga og fullnustuúrræða. Í upphafi gerðu þeir grein fyrir tegundum refsinga hér á landi skv. almennum hegningarlögum nr. 19/1940, það er sektum og fangelsisvist, og viku sérstaklega að samfélagsþjónustu en skv. lögum er heimilt að fullnusta innan við 12 mánaða refsingu með samfélagsþjónustu. Fangelsisvírðing taka slíka ákvörðun á Íslandi en ekki dómstólar eins og bæði í Danmörku og Noregi.

Sigurður Tómas og Valtýr veltu þeirri spurningu upp hvort löggjafanum væri frjálst að skilgreina hvað teljist refsing sem dómari ákveði og hvað teljist fullnustuúrræði sem fullnustuyfirvöld ákveða. Í því sambandi hefði fjölmörgum stjórnvöldum verið veittar sektarheimildir samkvæmt lögum án þess að dómstólar hefðu gert athugasemd við það. Töldu þeir þó ljóst að það væru aðeins dómstólar sem gætu ákveðið fangelsisrefsingu og nefndu í því sambandi dóm Hæstaréttar nr. 300/1991 þar sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til 2. gr. stjórnarskrárinnar að aðrir handhafar ríkisvalds en dómstólar væru ekki bærir til að ákvarða mönnum refsivist vegna ólögætrar hegðunar. Það hefði áhrif hvort ákvörðun stjórnvalds væri íþyngjandi eða ívilnandi en stjórnvöld geti stytta fangelsisvist með náðun eða reynslulausn án aðkomu dómstóla og breytt hluta fangelsisvistar í aðra tegund frelsisskerðingar svo sem dvöl á áfangaheimili eða rafrænt eftirlit. Fóru þeir yfir framangreint með hliðsjón af stjórnarskrá.

Á töflu sem sýndi fullnustu refsinga eftir tímalengd fangelsisvistar kom m.a. fram að hlyti sakborningur 10 ára dóm þá hlyti hann að jafnaði reynslulausn eftir 2/3 fangelsisvistarinnar. Þar af sæti hann í fangelsi í 4,7 ár, dveldi á Vernd í 1 ár og væri undir rafrænu eftirliti í 1 ár. Framsögumenn fóru annars vegar yfir þau rök sem styðja stjórnsluleiðina við ákvörðun samfélagsþjónustu og hins vegar þau rök sem styðja dómstólaleiðina. Völdu þeir af hagkvæmnisákvæðum stjórnsluleiðina sem Valtýr taldi heppilega en Sigurður Tómas óheppilega og þá sérstaklega með hliðsjón af fyrirsjáanleika refsinga og gegnsæi.

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Víðir Smári Petersen hrl.

Lex lögmannstofa, Borgartún 26, 105 Reykjavík

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Leó Daðason hdl.

Juralis lögmannsstofa, Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir hdl.

Réttur - Adalsteinsson & Partners, Klapparstígur 25-27, 101 Reykjavík

Erlendur Halldór Durante hdl.

Fjeldsted og Blöndal lögmannsstofa slf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

Ingbjörg Pálmadóttir hdl.

Forum lögmennt / Tort ehf., Aðalstræti 6, 101 Reykjavík

Snorri Björn Sturluson hdl.

Codexnova lögmannsstofa, Nýbýlavegur 8, 200 Kópavogur

Páll Bergþórsson hdl.

Réttur - Adalsteinsson & Partners, Klapparstígur 25-27, 101 Reykjavík

Aldís Sif Bjarnhéðinsdóttir hdl.

Atlantik Legal Services, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Guðmundur Óli Blöndal hdl.

Arion banki, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Sverrir Sigurjónsson hdl.

Land lögmennt, Austurvegur 6, 800 Selfoss

Friða Thoroddsen hdl.

PACTA Lögmennt / Lögheimtan ehf., Laugavegur 99, 101 Reykjavík

Rakel Ásgeirsdóttir hdl.

Íslandsbanki hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur

Aldís Bjarnadóttir hdl.

Íslandsbanki hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur

Áslaug Lára Lárusdóttir hdl.

Juvo lögmennt
Akralind 6, 201 Kópavogur

Olgeir Þór Marinósson hdl.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlan 5, 103 Reykjavík

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Guðríður Guðmundsdóttir hdl.

Fjölskyldusvið Hafnarfjarðarbæjar, Strandgata 6, 220 Hafnarfirði

Höskuldur Þór Þórhallsson hdl.

Íslenska lögfræðistofan, Turninn, Smáratorg 3, 201 Kópavogur

Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir hdl.

IZA lögmannsstofa, Austurgata 41, 220 Hafnarfirði

Helga Jónsdóttir hdl.

Vátryggingafélag Íslands, Ármúli 3, 108 Reykjavík

Jón Kristinn Sverrisson hdl.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Borgartún 35, 6. hæð, 105 Reykjavík

Jón Stefán Björnsson hdl.

Tollstjóri, Tryggvagata 19, 101 Reykjavík

Brynja Björg Halldórsdóttir hdl.

Íslenska Gámafélagið, Gufunesvegur, 112 Reykjavík

NÝR VINNUSTAÐUR

Jónína Guðmundsdóttir hdl.

Velferð Legal, Austurvegur 6, 800 Selfoss

Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl.

Skeljungur hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Ásta Guðrún Beck hdl.

Lögmannsstofa Ástu Guðrúnar Beck, Ármúli 4-6, 108 Reykjavík

Hilmar Þorsteinsson hdl.

Málsvari slf., Mánatúni 11, 105 Reykjavík

Hrefna Kristín Jónsdóttir hdl.

Vörður tryggingar hf., Borgartún 25, 105 Reykjavík

Svanhildur Anna Magnúsdóttir hdl.

SKR lögfræðipjónusta slf., Smáratorg 3, 201 Kópavogur

Garðar Valdimarsson hrl.

LEX lögmannsstofa, Borgartún 26, 105 Reykjavík

NÝTT AÐSETUR

Skúli Th. Fjeldsted hrl.

Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofa slf., Hverfisgata 14, 220 Hafnarfjörður

Tómas Sigurðsson hdl.

Magnús Fannar Sigurhansson hdl.

Guðrún Helga Schopka hdl.

Ingvar Örn Sighvatsson hdl.

Kristín Ninja Guðmundsdóttir hdl.

Íslandsbanki hf., Hagasmára 3 (Norðurturn), 201 Kópavogur

Ágúst Stefánsson hdl.

Margrét Ása Eðvarðsdóttir hdl.

Guðrún Hólmsteinsdóttir hdl.

Íslandsbanki hf., Hlíðarsmári 3, 201 Kópavogur

Helgi Pétur Magnússon hdl.

Sigurður Freyr Sigurðsson hdl.

Þórður Guðmundsson hdl.

Land lögmennt, Smáratorg 3, Turninn, 12. hæð, 201 Kópavogur

Haukur Halldórsson hdl.

Codexnova, Nýbýlavegi 8, 200 Kópavogur

Birgir G. Magnússon hdl.

Hjalti Steinþórsson hrl.

Ingbjörg Ingvadóttir hdl.

Linda B. Bentsdóttir hdl.

Pétur F. Gíslason hdl.

Lögmennt Kópavogi, Bæjarlind 4, 201 Kópavogur

Börkur Ingi Jónsson hdl.

Bij Lögfræðistofa, Bæjarlind 4, 201 Kópavogur

Eva Dís Pálmadóttir hrl.

Jón Jónsson hrl.

Hilmar Gunnlaugsson hrl.

Sókn lögmannsstofa, Fagradalsbraut 11, 700 Egilsstaðir

Egill Stephensen hrl.

Miðleiti 4, 103 Reykjavík

Ómar R. Valdimarsson hdl.

Esja Legal ehf., Kringlan 7, 8. hæð, 103 Reykjavík

Þórður Már Jónsson hdl.

Ólafur V. Thordersen hdl.

Guðmundur St. Ragnarsson hdl.

Sókn og Vörn: Málflutningsstofa, Skeifan 17, 108 Reykjavík



Sigurður Tómas Magnússon og Valtýr Sigurðsson.

Áhugaverðar umræður áttu sér stað í lok framsögunnar þar sem fyrirspurnir bárust úr sal um frelsi fanga er fullnusta dóm og fram kom gagnrýni á heimildir fangelsismálayfirvalda m.t.t. ákvarðana dómstóla.

III. Hæfi dómara og sýnileiki réttlætisins

Í þriðja þætti málstofunnar fjallaði Kristín Benediktsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, um hæfi dómara. Dómarar eru skyldugir til að dæma í þeim málum sem þeim hefur verið úthlutað og geta ekki komið sér undan að dæma í málum sem eru flókin, erfið eða viðkvæm í samfélaginu nema þeir telji sig með rökum vanhæfa. Á sama hátt nægi það ekki að aðilar máls vefengi hlutdrægni dómara og þeir geta ekki valið sér dómara.

Kristín gerði grein fyrir hinni matskenndu hæfisreglu laga um meðferð einkamála og laga um meðferð sakamála. Reglan væri skýrð með hliðsjón af 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans en dómafordæmi Hæstaréttar og Mannréttindadómstólsins veita ákveðnar vísbendingar um skýringu hennar. Mælikvarði við mat á hæfi dómara væri tvískiptur; huglægur og hlutlægur. Í fyrsta lagi verði dómari að vera í reynd óhlutdrægur og komast að efnislega réttri niðurstöðu. Í öðru lagi verði almenningur að geta treyst því að niðurstaðan sé rétt, dómari verði þannig að líta út fyrir að vera óhlutdrægur í augum hins almenna borgara. „Justice must not only be done, justice must also be seen to be done.“

Kristín gerði í þessu sambandi grein fyrir máli Péturs Þórs Sigurðssonar gegn Íslandi þar sem Mannréttindadómstóllinn fór í gegnum bæði huglæga og hlutlæga mælikvarðann. Þá nefndi hún m.a. dóm Hæstaréttar nr. 809/2015 (Marplemálið) þar sem Hæstiréttur taldi meðdómsmann vanhæfan sökum ákveðinna ummæla sem hann hafði viðhaft.

Kristín fjallaði sérstaklega um fyrri aðkomu dómara að dómsúrlausnum og fór yfir dómaframkvæmd Hæstaréttar. Hafa dómarar m.a. ekki hafa verið taldir vanhæfir þótt fyrri dómur sem þeir hafa kveðið upp hafi verið ómerktir af Hæstarétti, þó með þeirri undantekningu sem kemur fram í 3. mgr. 208. gr laga um meðferð sakamála um mat dómara á sönnunargildi framburðar.

Símon Sigvaldason héraðsdómari og Óttar Pálsson hrl. tóku þátt í pallborðsumræðum að lokinni framsögu Kristínar. Fór Símon yfir reynslu sína sem héraðsdómari og rakti framþróun réttarins á þessu sviði sem hefði m.a. átt sér stað vegna dómendanna sjálfra. Fjallaði hann sérstaklega um þá aðstöðu að sami dómari dæmi í máli sem Hæstiréttur hefur ómerkt og taldi ástæðu til að kanna hvort ákvæði um vanhæfi dómara þarfnist frekari skoðunar.

Óttar fór yfir þær reglur sem gilda um hagsmunaskráningu dómara og framkvæmd þeirra, m.a. eignarhald dómara á hlutabréfum og tilkynningarskyldu dómara til nefndar um dómastörf. Óttar sagði ljóst að lausung hefði verið um þetta atriði eins og umfjöllun í fjölmiðlum í lok síðasta árs hefði leitt í ljós. Sú umfjöllun hafi nú þegar haft í för með sér bragarbót á þessu sviði. Fór hann yfir reglurnar, tilgang þeirra og þau áhrif sem skortur á eftirfylgni með þeim kunni að hafa á hæfi dómara, þá sérstaklega með tilliti til tiltrúar almennings og málsaðila á óhlutdrægni dómara. Þó dómari kunni að vera óvilhallur sé það ekki nóg, aðstaðan þurfi einnig að hafa það yfirbragð að dómurinn sé óvilhallur. Réttlætið þurfi að vera sýnilegt.

Guðný Hjaltadóttir hdl.





SÍÐAST EN EKKI SÍST

Dag skal að kvöldi lofa og það var svo sannarlega gert að loknum lagadegi í Hörpu þann 5. maí þar sem gestir gæddu sér á gómsætum forréttum með fordrykknum áður en þeir settust að hátíðarkvöldverði í Silfurbergi. Kvöldið endaði á dansleik þar sem Helgi Björns, Ágústa Eva og Eyþór Ingi sungu með Rokkabíllýbandinu. Tíðindamaður Lögmannablaðsins telur að allir hefðu verið sexý, gefið allt sem þeir áttu í dansinn og farið alla leið.



Byrjað var á fordrykk og forréttum. F.v. Guðrún Edda Finnbogadóttir, Bergþóra Ingólfssdóttir, Gunnhildur Pétursdóttir og Ása Arnfríður Kristjánsdóttir.



Árni Helgason og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir stýrðu veislunni af röggsemi og húmor. Í mesta lagi einum leiddist nálægt þeim.



Á meðan meðbyr blæs, gríptu þá þessa gæs, gefðu allt sem þú átt, söng Jón Jónsson.



Salurinn söng með Jóni svo undir tók í höllinni og þau gáfu allt í sönginn.

AÐGANGUR AÐ GÖGNUM OG RÆÐUTÍMI LÖGMANNA

AF FÉLAGSFUNDI LMFÍ

Þann 31. mars sl. var haldin félagsfundur á vegum LMFÍ þar sem annars vegar var til umræðu skýrsla vinnuhóps LMFÍ um aðgang verjenda að gögnum við meðferð sakamála og hins vegar takmarkanir Hæstaréttar á ræðutíma lögmanna við flutning mála.


Aðgangur verjenda að gögnum við meðferð sakamála

Að beiðni Lögmannafélags Íslands settu Hörður Felix Harðarson hrl., Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl. og Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. saman greinargerð um réttindi sakaðra manna í ljósi gildandi laga og dómaframkvæmdar. Þau könnuðu einnig hvort réttarvernd sakaðra manna væri fullnægjandi og hvort að breytinga væri þörf og kynnti Hörður Felix Harðarson hrl. niðurstöður vinnuhópsins.

Í greinargerð þremmenninganna var sjónum einkum beitt að afmörkuðum álitaeftum sem upp hafa komið við meðferð umfangsmikilla efnahagsbrotamála síðustu ár. Í niðurstöðu þeirra kemur fram að eftir yfirferð reglna og athugun á framkvæmd hjá nágrennaríkjum séu vísbendingar um að réttindi sakaðra manna til aðgangs að rannsóknargögnum séu betur tryggð þar en hér á landi. Á það einkum við um aðgang að þeim gögnum sem aflað er við rannsókn en verða ekki hluti málgagna fyrir dómi sökum þess að ákærvaldið telur þau án tengsla við sakarefnið eða ekki hafa sönnunargildi. Af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu, og fræðilegri umfjöllun um ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmálans, verði enn fremur ráðið að skyldur

ákærvalds til að upplýsa sakaðan mann eða verjenda hans um öll gögn sem aflað hefur verið, sem og gögn sem ákærvald hefur upplýsingar um en eru ekki meðal rannsóknargagna, séu mjög viðtækar. Vinnuhópurinn telur því líklegt að framkvæmdin hér á landi brjóti gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans og eru m.a. kvartanir þess efnis nú til meðferðar hjá Mannréttindadómstólnum. Það væri því mat nefndarinnar að leita verði leiða til úrbóta vegna þessa. Á fundinum var samþykkt að félagið myndi senda frá sér eftirfarandi ályktun:

„Við meðferð umfangsmikilla sakamála hin síðari ár hefur endurtekið komið upp ágreiningur um aðgang sakaðra manna að gögnum sem haldlögð hafa verið af lögreglu við rannsókn mála. Af úrlausnum dómstóla verður ráðið að þessi grundvallarréttindi sakaðra manna við rannsókn mála og meðferð þeirra fyrir dómi sæti verulegum takmörkunum hér á landi. Veruleg áhöld eru um það hvort framkvæmdin hér á landi samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá bendir könnun á réttarreglum og framkvæmd í nágrennaríkjum til þess að úrbóta sé þörf hér á landi. Félagsfundur beinir þeirri áskorun til innanríkisráðherra að skipa starfshóp sem falið verði að vinna tillögur að réttarbótum á þessu sviði.“





Takmarkanir á ræðutíma lögmanna við flutning mála fyrir Hæstarétti

Á félagsfundinum var ennfremur, að beiðni 16 félagsmanna LMFÍ, lögð fram tillaga til ályktunar um takmarkanir á ræðutíma við flutning mála fyrir Hæstarétti. Vegna þessa tók Reimar Pétursson hrl., formaður LMFÍ, fyrstur til máls og upplýsti fundarmenn um með hvaða hætti þetta mál hefði verið til umfjöllunar hjá félaginu undanfarin ár og fór m.a. yfir samráðsfundi sem haldnir hefðu verið með fulltrúum Hæstaréttar. Næstur tók til máls Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og kynnti ályktunartillögu þeirra

16 félagsmanna sem óskuðu eftir fundi og sköpuðust líflugar umræður í kjölfarið. Fundarmenn voru flestir sammála um að endurskoða þyrfti reglur um ræðutíma lögmanna fyrir Hæstarétti en voru þó á öndverðu meiði hvað varðaði framsetningu og orðalag tillögunar. Ýmsar breytingartillögur komu fram við upphaflegu tillögunum og að lokum var það samþykkt að félagið myndi senda frá sér eftirfarandi ályktun:

„Almennur félagsfundur í Lögmannafélagi Íslands haldinn 31. mars 2017 beinir til Hæstaréttar Íslands að fallið verði frá

ATHUGASEMD VEGNA FUNDAR:

FRUMMÆLANDINN Á AÐ FÁ AÐ VERA FYRSTUR

Þann 31. mars var haldinn félagsfundur í Lögmannafélagi Íslands. Þegar til fundarins var boðað var tilkynnt að til umræðu yrðu tvær tillögur að ályktunum. Önnur þeirra var flutt af Herði Felix Harðarsyni hrl. og varðaði aðgang verjenda í sakamálum að rannsóknargögnum, en hin, sem var lögð fram af Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl., varðaði takmarkanir Hæstaréttar Íslands á ræðutíma málflytjenda.

Hörður Felix flutti sína tillögu og að því loknu fékk formaður Lögmannafélagsins að tjá sig eins og eðlilegt er áður en kosið var um hana. Þegar komið var að umræðu um tillögu Jóns Steinars tilkynnti fundarstjóri hins vegar að formaður félagsins myndi fyrstur tjá sig, áður en Jón Steinar fengi að flytja tillögunum. Sá sem þetta skrifar hefur

aldrei orðið vitni að því að andsvör við tillögu fengju að koma fram á undan tillögunni sjálfri. Fundarsköp, sem hafa verið venjuhelguð hér á landi og víðar, kveða á um sá sem leggur tillögu fram á fundi, fær fyrstur að flytja hana, en að því loknu fái aðrir tækifæri til að tjá sig um hana. Það verður því ekki betur séð en að fundarstjóri hafi með þessu framferði brotið gegn fundarsköpum.

Undirritaður skorar á stjórn Lögmannafélagsins og fundarstjóra félagsfunda þess í framtíðinni að bæta úr þessum vinnubrögðum. Trúnaður fundarstjóra er við fundarmenn en ekki stjórn Lögmannafélagsins.

Konráð Jónsson hdl.



Þeim háttum sem rétturinn hefur tekið upp á síðustu misserum að takmarka ræðutíma málflytjenda. Fundurinn bendir á að í réttarfarsreglum er almennt gert ráð fyrir því að málflytjendur áætli ræðutíma sinn sjálfir. Ætla verður að heimild réttarins til að stytta ræðutíma sé bundin við að hann teljist óhæfilega langur miðað við umfang málsins. Ákvarðanir réttarins að undanfögnu

hafa gengið lengra en þetta. Slíkar ákvarðanir geta komið niður á rétti málsaðila til sanngjarnrar málsmeðferðar.“

VÞÞ

LEIÐRÉTTING

Þau leiðu mistök urðu í 1. tbl. 2017 Lögmannsblaðsins að Guðrún Björk Bjarnadóttir var titluð hdl. í stað hrl. Það leiðréttist hér með.



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.
Gunnar Jónsson hrl.
Hörður Felix Harðarson hrl.
Einar Þór Sverrisson hrl.
Gísli Guðni Hall hrl.
Geir Gestsson hrl.
Almar Þór Möller hdl.
Hilmar Gunnarsson hdl.
Ragnar Halldór Hall hrl.
Fulltrúar:
Árni Gestsson hdl.
Hildur Leifsdóttir hdl.
Linda Ramdani lögfr.
Védís Eva Guðmundsdóttir hdl.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

www.law.is



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

Litlaþrepprent

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

Litlaprent ehf., Skemmuvegi 4, 200 Kópavogi,
sími 540 1800, www.litlaprent.is

NÝ STJÓRN FKL



Á vormánuðum var kosin ný stjórn Félags kvenna í lögmennsku. Kolbrún Garðarsdóttir hdl. Var kosin formaður í stað Krístrúnar Elsu Harðardóttur hdl., sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi setu.

Nýja stjórn skipa, f.v.: Anna Linda Bjarnadóttir hdl., Ragnhildur Rorý Ólafsdóttir hdl., Saga Ýrr Jónsdóttir hdl., Kolbrún Garðarsdóttir hdl., Ingibjörg Ingvadóttir hdl. og Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl. Á myndina vantar Sigríði Vilhjálmssdóttur hdl.

Andri Árnason hrl.
Edda Andradóttir hrl., LL.M.
Finnur Magnússon hrl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Simon David Knight
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is



VOLVO V90 CROSS COUNTRY AWD

Keyrðu burt frá erli dagsins.
Láttu íslenska náttúru endurnæra þig, fylla þig orku.
Á Volvo V90 Cross Country AWD kemstu þangað sem þig langar.

Þú færð tímmóta Volvo öryggi, afl og snjalltækni
í Volvo V90 Cross Country AWD.
Endurnærðu þig, stingdu af á vit ævintýrana.

SKOÐAÐU **VOLVOCARS.IS**

INNOVATION MADE BY SWEDEN

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfirningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is